



Hönnunarkerfið Hanna og aðgengi á vef

Hreinn Valgerðar Hreinsson, vefstjóri
Guttormur Árni Ársælsson, vörustjóri





Okkar hlutverk


- Sköpum leikreglur og vinnumhverfi
- Hönnunarkerfið Hanna og Stílbók Reykjavíkur
- Stafrænar lausnir – vefir
- Gæðakerfið Siteimprove
- Aðgengi er kjarnaatriði í allri okkar vinnu og nálgun á verkefni
- Leikreglur hafa verið innleiddar og allir eiga að spila eftir þeim






Hönnunarkerfið Hanna (hanna.reykjavik.is)

- Vefur Reykjavíkurborgar byggir á stafrænu hönnunarkerfi borgarinnar - Hönnu
- Hanna er eins konar handbók sem inniheldur leiðbeiningar um hönnun og ýmsar aðrar gagnlegar upplýsingar fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar
- Með hönnunarkerfi er hægt að bregðast hraðar við áskorunum í stafrænum heimi, tryggja samfellu í notendaupplifun og þjónusta borgarbúa betur
- Kerfið inniheldur meðal annars letur, liti, myndastíl, rödd og hönnunareiningar með kóða svo hægt sé að búa til stafrænar vörur með samræmt útlit og þurfa ekki sífellt að hugsa allt frá grunni



Hvað er hönnunarkerfi?

- Hönnunarkerfi er samansafn leiðbeininga, endurnýtanlegra eininga og sniðmáta sem nýta má til að staðla hönnun og þróun
- Nýta má endurnýtanlegar einingar til að raða saman og smíða stafrænar lausnir





Hanna og aðgengismál

Algild hönnun - allir græða

- Öll okkar hönnun á að vera algild þannig að allir geti nýtt sér lausnir okkar án sérstillinga, óháð fötlun eða öðru sem truflað getur fólk í að nota stafrænar lausnir.
- Þá vill svo skemmtilega til að algild hönnun og aðgengi fyrir alla er líka besta leiðin til að einfalda viðmót, gera þjónustu þægilega og hjálpa til við leitarvélabestun og vélþýðingar.
- Skölun viðmóts niður í snjalltæki hefur bylt hugmyndum okkar um framsetningu efnis þar sem pláss fyrir málalengingar og flækjur er einfaldlega ekki fyrir hendi.





Stílbók (stilbok.reykjavik.is)

Stílbók inniheldur leiðbeiningar um textagerð og miðlun í nafni borgarinnar, upplýsingar um rödd Reykjavíkur og viðmið um samræmt málfar og stafsetningu.

Mál og stíll:

Í málstefnu borgarinnar segir „*sá sem kemur fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar talar og ritar vandað mál,*“

Vandað, skýrt og auðskilið mál, hvort heldur ritað eða talað, er lykilatriði í allri þjónustu og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.





Ábati

- Betri notendaupplifun
- Hraðari þróun á stafrænum vörum
- Samræmd ásýnd efnis Reykjavíkurborgar
- Aðgengismál innbyggð í öll þróunarverkefni
- Hagræði í rekstri og þróun þegar upp er staðið

Mínar síður

Valmynd

Til baka

Öll þjónusta

Atvinnulíf

Börn, unglingar og ungt fólk

Byggingarfulltrúi

Fasteignagjöld

Framkvæmdir og skipulag

Húsnæðisþjónusta

Styrkir

Tómstundir, menning, listir og íþróttir

Öll þjónusta

Hér finnur þú allar umsóknir borgarinnar. Sumar eru rafrænar, en aðrar á eyðublöðum. Eyðublöð má fylla út og senda með tölvupósti eða prenta út og skila á pappír.

Sumar umsóknir þarf að fylla út í öðrum kerfum. Í þeim tilfellum gætir þú þurft að skrá þig aftur inn með rafrænu auðkenni.

Hverju ertu að leita að?


Umsókn um starfsvottorð

Skráning í Vinnuskóla Reykjavíkur


Ábendingar og kvartanir til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Kerfin sem við notum í hönnunarkerfinu


Figma



Storybook




Zeroheight




Kerfin sem við notum á vefum

Drupal



SiteImprove





Staðlar

- Við miðum við alþjóðlega staðalinn WCAG 2.02 sem er það sem almennt er gert á netinu og er t.d. stutt af Öryrkjabandalagi Íslands. Útgáfa 3.0 er á leiðinni.
- Hægt er að gera alla vefi og rafrænar lausnir aðgengilegar og best er að hafa þetta í huga strax frá byrjun því það getur reynst flókið og tímafrekt að græja aðgengi eftirá, enda er aðgengi ekki eitthvað sem á að græja heldur vera til staðar frá upphafi.
- Í Drupal vefkerfinu sem notað er á reykjavik.is, eru komnar lausnir sem gefa færi á að innleiða staðalinn frá upphafi og virkja stillingar þannig að einfaldlega sé ekki hægt að búa til síður sem ekki eru aðgengilegar.
- Aðgengi og algild hönnun snýst þó ekki bara um tækni heldur líka hvernig efni er sett fram t.d. hvernig við skrifum og tölum til notenda. Það er þess vegna heildarmyndin sem skiptir máli.

Lagaumhverfi

- Lög um stafrænt aðgengi ekki í gildi
- Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar
- European Accessibility Act
- Frumvarp á leiðinni
- Lagt er til að lögfestar verði kröfur um stafrænt aðgengi hjá hinu opinbera. Markmiðið er að allir, sérstaklega fatlað fólk, geti nýtt sér stafræna þjónustu og upplýsingar til jafns við aðra.





Tungumál

- Allar stafrænar lausnir settar upp með þýðingarmöguleika.
- Tungumálstillingar skilyrði í innkaupum
- Reykjavik.is á IS og EN - ferlið orðið gott og þýðingar hraðar.
- info.reykjavik.is á pólsku
- Framtíðarsýn er IS og EN og síðan vélþýðingar á önnur tungumál.
- Einfalt mál er alltaf best en þýðingarminni með okkar orðum er líka mikilvægt.



Hvernig vinnum við?

- Efni á reykjavik.is er uppfært á hverjum degi – oft nokkur hundruð breytingar
- Tæknilegar uppfærslur og breytingar eru í formlegu útgáfuferli og útgáfur eru u.þ.b 40 á hverju ári,
- Aðrir vefir eru að sama skapi uppfærðir eftir því sem þurfa þykir - umfang ræður. Við stýrum aðgangi og sendum skýrslur til eigenda.
- Sitemprove er gæða- og eftirlitskerfið okkar sem "crawler" vefina að jafnaði einu sinni í viku og einstakar síður eftir pöntun.
- Við fylgjumst stöðugt með "heilsu" vefja og bregðumst við eftir þörfum.
- Ekki átaksverkefni heldur hluti af vinnulagi.



87 atriði í staðlinum - dæmi

Eru allar myndir á síðunni með alt texta (annað hvort texta eða alt = "")?

Blikkandi efni (ekki meira en þrisvar á sekúndu), veldur ekki flogaköstum og inniheldur ekki of mikið af rauðum lit.

Eru fyrirsagnir notaðar til þess að flokka efni og gera það aðgengilegt notendum?

Ef efni er sett fram í töflu, eru töflurnar merktar nægilega vel (eru reitir með dálka-og raðaheitum merktir sem slíkir)?

Er tungumál vefjarins skilgreint í html kóða ("lang=is" fyrir íslensku)?

Er titill vefsíðu (ath hér er átt við title element) skýr og gefur hann til kynna hvert hlutverk hans er (titill skal innihalda heiti síðu- heiti stofnunar t.d. Hafa samband - STOFNUN)?

Getur notandi zoomað allt að 200% án þess að efni á síðu hverfi?

Er síðan vel kóðuð (fellur hún að kóðastöðlum)?

Er hægt að virkja alla hluti og birta allar upplýsingabólur á vefnum án músar?

Er notendum gert kleift að fara milli hluta og aðgerða á síðunni á einfaldan og skilvirkan hátt, með lyklaborðinu einu saman?

Er lyklaborðsfókusinn (lína í kringum virkan hlut á síðu) til staðar, þ.e.a.s. ef notandi notar TAB lykil til að ferðast um síðuna, getur hann alltaf séð hvar bendill er staðsettur (líka í t.d. Mozilla Firefox)?

Er litamunur / skerpa (e. contrast) í lagi?

Er litur notaður einn og sér til upplýsingagjafar (t.d. á tenglum)?

Eru allir útfyllingarreitir, gátreitir, vallistar, og hnappar á síðunni með skýra sýnilega merkingu (eða eru með stoðtæknitexta) sem hverfa ekki þegar notandi setur fókus á þá eða slær inn texta)?

Allir villureitir hafa einhvers konar merkingu

Er íslenskur talgervill til staðar á vefnum?"

Accessibility overview

[Learn](#)[Export](#)

New accessibility rules are now live on the account

[Undo update](#)

Accessibility overview

Site target:

A

AA



Accessibility score

Site target score


Progress towards site target ?



Accessibility score ?




Score history ?



[View score breakdown](#) →




Read Speaker



Gagnasaga reykjavik.is

<https://gagnahlabord.reykjavik.is/malaflokkur/reykjavik.is>

Aðgengi, gæði efnis og leitarvélarbestun - raungildi og markmið



Aðgengi

■ Raungildi: 86,9

■ Markmið: 90,2

- Vikulega uppfærð gögn um stöðu reykjavik.is á gagnahlaðborði Reykjavíkurborgar. Opið fyrir alla að skoða.
- Þar eru birt gögn sem lesin eru úr Siteimprove um efni og gæði vefs og þar með talið aðgengisskor vefsins gagnvart aðgengisstaðli.



Meðmæli frá ÖBÍ

"Ég var að koma af fundi með ÖBÍ og menningar- og viðskiptaráðherra um stafrænt aðgengi fyrir fatlað fólk.

Þau voru að hrósa okkur hjá borginni og sögðu að við séum þeirra mestu fyrirmyndir þegar kemur að aðgengismálum, hvort sem það er vefurinn eða stafrænar þjónustur. Þau hjá ÖBÍ segja við allar aðrar stofnanir að gera bara eins og Reykjavíkurborg gerir þetta og þá komi engin vandamál upp. Við erum víst einnig þau einu sem erum að nota WCAG staðla sem þau hrósuðu okkur mjög mikið fyrir.

Ég segi bara kúdos á ykkur öll fyrir að rokka þetta svona vel!"



Takk fyrir

